Afnám bjargi verðmætum

- Til skoðunar er að sækja um afnám ESB-tolla á heilfrystan makríl frá Íslandi
- Möguleikar taldir á að flytja heilfrystan makríl til vinnslu í Austur-Evrópu

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Íslenskir embættismenn hafa nú til skoðunar að sækja um afléttingu tolla af heilfrystum makríl í Evrópusambandinu. Formlegar viðræður um slíka afléttingu eru ekki hafnar.

Íslensk útgerðarfyrirtæki greiða nú 18% toll af heilfrystum makríl sem þau flytja til ríkja ESB.

Íslendingar, Grænlendingar og Rússar eru utan samkomulags milli ESB, Noregs og Færeyja um skiptingu makrílkvóta.

Makrílvinnsla.

Skapar meiri verðmæti

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins er leitað eftir því að fá afléttingu tolla af heilfrystum makríl. Taldir eru möguleikar á að flytja hann til vinnslu í Austur-Evrópu. Með því sé hægt að bjarga verðmætum, enda fáist með því hærra verð fyrir makrílinn en ef hann færi í bræðslu.

Heimildarmaður blaðsins sagði erfitt fyrir íslensk stjórnvöld að fá fulla afléttingu tolla af heilfrystum makríl, sem fluttur er til ESB, með svo skömmum fyrirvara. Því væri líklegra að unnt yrði að ná tollfríðindum fyrir takmarkað magn.

Fram kom á vef norska utanríkisráðuneytisins 20. júlí síðastliðinn, að Noregur hefði sem eitt EES-ríkjanna gert nýja samninga um þróunarstyrki til ESB. Segir þar jafnframt að samhliða þessum samningum hafi Norðmenn samið um bættan aðgang að markaði Evrópusambandsins fyrir norskar sjávarafurðir.

Norðmenn styrktu stöðu sína

Samið var um tollfrjálsan kvóta á fiskflök og unnar sjávarafurðir og nær það meðal annars til frosins makríls og ferskrar síldar. Þá var samið um 50% aukningu í kvóta á kryddaða og marineraða síld frá Noregi. Loks var samningstímabilið lengt úr fimm árum í sjö ár.

Haft var eftir Elisabeth Aspaker, sjávarútvegsráðherra Noregs, að samningurinn gerði kleift að sækja á nýja markaði, nú þegar Rússlandsmarkaður hefði lokast Norðmönnum vegna innflutningsbanns. Þykir þetta dæmi sýna að aðgangurinn að markaði ESB sé ómetanlegur.

Íslendingar hafa nú tollfríðindi á makrílflökum og síldarflökum í ESB. Makríll, sem er veiddur á Íslandsmiðum, hentar yfirleitt ekki til flökunar. Því er mest af makrílnum heilfryst eða hann hausaður, slógdreginn og frystur. Á slíkum makríl eru engin tollfríðindi fyrir Íslendinga í ESB.

Fram kom í Morgunblaðinu 12. ágúst síðastliðinn, að aldrei hefði meira mælst af makríl í íslenskri lögsögu en í nýafstöðnum leiðangri Hafrannsóknastofnunar. Dregin var sú ályktun að um eða yfir tvær milljónir tonna af makríl hefðu mælst í lögsögunni í ár, borið saman við tæplega 1.600 þúsund tonn í fyrra. Bæði árin 2012 og 2013 var magn makríls í lögsögunni metið um 1.500 þús. tonn.

Rússar eyða mestu hér á landi

- Nýtt met slegið í kortaveltu ferðamanna

Ferðamenn Eyddu 24 milljörðum í júlí.

Aldrei hafa fleiri ferðamenn komið til landsins og aldrei hefur greiðslukortavelta erlendra ferðamanna verið meiri í einum mánuði en í júlí. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fóru 180.679 erlendir ferðamenn um Leifsstöð í júlí. Greiðslukortavelta þeirra var næstum 24 milljarðar króna.

Gistiþjónusta er sá liður ferðaþjónustunnar sem ferðamenn vörðu hæstum upphæðum til í mánuðinum, eða 4,7 milljörðum króna. Það er 29% hærri upphæð en í júlí í fyrra. Svipaðri upphæð, eða 4,6 milljörðum kr., vörðu erlendir ferðamenn til kaupa á ferðum innanlands hjá ýmsum ferðaskipuleggjendum. Af þeirri erlendu kortaveltu sem varið er til kaupa í verslunum fór mest til kaupa í dagvöruverslunum eða 932 millj. kr. Þá greiddu erlendir ferðamenn 761 millj. kr. fyrir fatnað og 504 millj. kr. til kaupa í minjagripaverslunum. Ferðamenn frá Rússlandi keyptu að jafnaði fyrir hæstu upphæðir með greiðslukortum í júlí eða 209 þús. kr. á hvern ferðamann. Svisslendingar eru í öðru sæti með 207 þús. kr. á hvern ferðamann og Norðmenn með 191 þús. kr.

Feðgar í varðhald

Tveir Íslendingar, feðgar, sem fóru um landið og rændu og rupluðu hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 26. ágúst. Er verið að rannsaka brot þeirra hjá lögreglunni á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Feðgarnir eru grunaðir um að hafa stundað innbrot og þjófnað úr sumarhúsi og verslunum.

Báðir mennirnir neita allri vitneskju um málið. Var talin hætta á því að þeir reyndu að komast úr landi þar sem þeir hefðu engin þekkt tengsl við landið né byggju hér. Var því talið nauðsynlegt að hafa þá í haldi.

Þýsk risamyndlistarverk hengd upp í Hörpu



Morgunblaðið/Eggert

Verkin sérstaklega unnin með Hörpu í huga

Tveir þekktir, þýskir myndlistarmenn opna í dag sýningu á stórum verkum í Hörpu í tilefni menningarnætur. Þetta eru þau Ingeborg zu Schleswig-Holstein og Rudolf zur Lippe. Kalla þau sýninguna „Gestures of the Elements“. Listamennirnir segja að mikilfenglegt landslag á Íslandi, birta og andstæður hafi heillað þau á ferð um landið og orðið kveikjan að verkunum sem voru unnin sérstaklega fyrir rýmið í Hörpu.

Sæmilega sáttur miðað við aðstæður

- Óvíst um áhrif hækkana á uppsagnir

Félag hjúkrunarfræðinga hélt í gærkvöldi kynningarfund fyrir félagsmenn sína um niðurstöðu gerðardóms. Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, flutti ávarp á fundinum en í máli hans kom fram að miðað við aðstæðurnar og það sem á undan var gengið væri hann sæmilega sáttur. Hann sagði að svo miklar launahækkanir hefðu aldrei fengist við samningaborðið, 14.000 krónum hefði munað á markmiði samninganefndar og niðurstöðu gerðardóms, en að tækifæri væru til frekari hækkana á samningstímanum, meðal annars með stofnanasamningum.

Í samtali við Morgunblaðið fyrir fundinn sagðist hann þó ekki vita hvort hækkanirnar væru nægjanlegar til þess að hjúkrunarfræðingar drægju til baka uppsagnir sínar. Það yrði hver og einn að gera upp við sig.
isak@mbl.is

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Fundurinn Fjölmennt var á fundinum.

Brú hrundi á lokasprettinum

- **Ekki hlaupið að því að ná vörubifreiðinni upp úr ánni**

Brúin yfir Vatnsdalsá fremst í Forsæludal við Grímstungu í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu hrundi skömmu fyrir hádegi í gær þegar flutningabíll með eftirvagni ók yfir hana. Verið var að flytja farm yfir brúna vegna vegaframkvæmda í dalnum. Bílstjórinn leitaði sér læknishjálpar á heilsugæslunni á Blönduósi eftir slysið.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Blönduósi átti bílstjórinn skammt ófarið yfir brúna þegar óhappið varð. Hún vinnur að rannsókn málsins í samstarfi við Vegagerðina. Brúin er innst í dalnum og er alla jafna ekki mikil umferð um hana.

Ljósmynd/Ágúst Sigurðsson

Erfitt verk fyrir höndum Bílstjórinn slapp við meiriháttar meiðsli en hann átti stutt ófarið þegar brúin gaf sig, nokkuð sem heimamenn vissu að gæti gerst.

Bændur á bæjum í kring verða nú að fara heldur lengri leið að bæjum hinum megin við ána en venjulega, á meðan brúin er í sundur.

Byrjað var að keyra yfir brúna í gær með leir vegna vegaframkvæmda í dalnum. Egill Herbertsson, bóndi í Haukagili í Vatnsdal, sagði í samtali við mbl.is í gær að spurningin hefði ekki verið hvort heldur hvenær brúin hryndi. Hún hefði verið komin til ára sinna.

Gott til endurvinnslu
Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 569 1100 Fréttir Guðmundur Sv. Hermannsson, Sigtryggur Sigtryggsson ritstjorn@mbl.is Viðskipti Sigurður Nordal viðskipti@mbl.is Menning Einar Falur Ingólfsson menning@mbl.is Íþróttir Víðir Sigurðsson sport@mbl.is mbl.is Sunna Ósk Logadóttir netfrett@mbl.is Smartland Marta María Jónasdóttir smartland@mbl.is Umræðan | Minningar | Bréf til blaðsins mbl.is/sendagrein Prentun Landsprent ehf.